



# Möguleikarnir verða til með betri tengingu

● Innan skamms mun hágæða gagnaver hefja starfsemi á Korputorgi ● Með því að auka bandvidd tenginga við umheiminn eykst forskot íslenskra gagnavera

## VIÐTAL

Ásgeir Ingvarsson  
ai@mbl.is



Nýtt gagnaver er að rísa á Korputorgi og mun verða bæði það fullkonnasta og öruggasta á landinu. Af lýsingum Þorsteins Gunnarssonar að dæma væri það heljarinnar áskorun fyrir Ethan Hunt og félagi úr *Mission: Impossible*-myndunum að ætla að laumast þangað inn óboðnir.

„Gagnaverið fullnægir ströngustu kröfum, og er í öryggisflokknum *Tier III N+1* sem þýðir m.a. að öll aðföng eru tvöföld og tekur varakerfi við ef aðalkerfi bilar: rafmagnslagnir eru tvöfaldar, ljósleiðarar sömuleiðis, allur tölvubúnaður og kæling einnig, og ekkert sem getur truflað eðleiga starfsemi gagnaversins nema meiriháttar hamfarir,“ útskýrir Þorsteinn en hann er stjórnarformaður Reykjavík DC sem byggir gagnaverið í samstarfi við Reiknistofu bankanna, Opin kerfi, Vodafone og Korputorg.

Er raunar líka búið að hugsa fyrir hamförum: „Korputorg er 40 metra yfir sjávarmáli svo að ekki er hætt á flóðum. Að auki er jarðfræði svæðisins þannig að gagnaverið er utan sprungu- og skjálftasvæða og engin hætt á að gosvirfni geti orðið til þess að hraun renni um þetta svæði. Þá liggja gagna- og rafmagnsstofnbrautir landsins í gegnum Korputorg, þar er aðgengi að þremur óháðum tengibrautum grunn-raforku-kerfisins og einnig aðgengi að nokkrum óháðum ljósleiðarastrengjum.“

Verður gagnaverið líka rammgirt og vaktað allan sólahringinn, myndavélar í hverju horni og strangar reglur um hverjum verður hleypt þar inn. Jafnvel þegar inn í gagnaverið er komið er það stúkað af og aðgangsstýrt að innan svo að gestir geta aðeins nálgast þann vélbúnað sem þá snertir.

Gagnaverið á Korputorgi er ekki fyrsta *Tier III*-gagnaverið á Íslandi, en það fyrsta á höfuðborgarsvæðinu. Þorsteinn bendir á að staðsetning gagnaversins auki á öryggið, með



Morgunblaðið/Stýrmir Kári

**Hagkvæmt Þorsteinn segir 30-70% ódýrara að reka öflugan tölvuskáp í Reykjavík en í helstu borgum Evrópu.**

mörgum rafmagns- og ljósleiðarategingum, en auk þess felist samkeppnisforskot í því að gagnaverið hafi aðgang að mikilli orku og að stutt sé fyrir tæknimenn viðskiptavina að fara þegar huga þarf að vélbúnaði. „Það tekur 10-15 mínútur fyrir fyrirtæki í Reykjavík að gera mann út af örkinni til að kíkja á tölvustæðu hjá okkur, en um 45 mínútur að komast í gagnaverin úti á Reykjanesi. Þegar upp koma vandamál í viðkvæmum tækjabúnaði getur þessi tímamunur skipt máli, auk þess sem styttri ferðatími minnkar kostnað. Hefur markaðurinn því lengi kallað eftir gagnaveri í þessum flokki á höfuðborgarsvæðinu, en meðal þeirra sem gera kröfu um *Tier III*-öryggi eru fjármálafyrirtæki, stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og raunar allir þeir sem vinna með viðkvæm og dýrmæt gögn.“

## Bíða betra sambands við útlönd

Til glöggvunar fyrir lesendur þá má áætla að mikill meirihluti gagnavera á Íslandi rati í öryggisflokkinn *Tier I* og eru þau fyrst og fremst notuð til rafmyntaframleiðslu. Þorsteinn segir þetta skýrast af því að gagnatengingar Íslands við umheiminn hafi til þessa ekki verið nægilega góðar fyrir annars konar gagnaverahjónustu, auk þess sem rafmyntaframleiðendur hafi uppgötvad að lágur orkukostnaður geri Ísland að heppilegum stað til að láta tölvur mjatla út bitcoin og öðrum rafmyntum. „Stjórnvöld hafa þegar byrjað undirbúningsvinnu við nýja gagnatengingu frá Íslandi til Írlands og mikilvægt að það verkefni tefjist ekki og lagning hefjist helst innan tveggja ára. Þar með verður komin sú bandvidd sem þarf fyrir fjölbreyttari þjónustu gagnavera fyrir

erlenda viðskiptavini og yrði t.d. minni töf á tengingunni frá Korputorgi til London en yfir til Luleå þar sem Svíar hafa verið að koma upp sínum gagnaverum.“

Um leið og tengingar við umheiminn batna skapast kjöraðstæður fyrir rekstur gagnavera eins og þess sem verður á Korputorgi, og það á sama tíma og þörfin fyrir reikniáfl og gagnavörslu fer bara vaxandi: „Ef við tökum sem dæmi kostnaðinn við að reka 20 kW tölvuskáp þá er hann í dag á bilinu 30-70% lægri á Íslandi en í helstu borgum Evrópu, og eftir því sem skáparnir verða orkufrekari, þá hækkar þessi tala,“ segir Þorsteinn. „Margt í rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera hefur verið í ólestri undanfarinn áratug, en miðað í rétta átt með bættri löggjöf og öflugri innviðum, svo að núna er kominn hárréttur tími til að sækja inn á þennan markað.“